



Minnisblað

Til: Borgarstjóra

Frá: Fjármálastjóra

Efni: Fjármögnun skuldbindingar við BRÚ og lausafjárstaða næstu 12 mánaða

Samkvæmt upplýsingum Lífeyrissjóðsins Brúar er gert ráð fyrir að uppgjör á framlögum launagreiðenda 2017 í lífeyrisaukasjóð, varúðarsjóð og jöfnunarsjóð verði í október eða nóvember nk.. Fjármálaskrifstofa gerir ráð fyrir í áætlunum sínum að fjárhæð uppgjorsins verði allt að 15.000 mkr, en bráðabirgðamat Brúar á þessum framlögum nam 14.400 mkr m.v. 31.12.2016.

Fjármögnunaráætlun fjármálaskrifstofu miðast við að borgarsjóður nýti sér ekki þá lánamöguleika sem lífeyrissjóðurinn býður upp á, þ.e. að greiða framlög í lífeyrisaukasjóð, varúðarsjóð og jafnvægissjóð með verðtryggðum skuldabréfum með 3,5% vöxtum að hámarki til 20 ára, sbr. ákvæði 7.3, 8.3. og 9.3 í samþykktum Brúar, heldur staðgreiði á gjalddaga umrædd framlög. Fjármögnunin skiptist þannig:

- Tæpar 5.000 mkr hafa nú þegar verið fjármagnaðar með vel heppnuðu skuldabréfaútbóði í júní sl.
- Um 10.000 mkr verði fjármagnaðar úr rekstri.

Fjármálaskrifstofa hefur metið að við núverandi aðstæður sé hægt að fjármagna áætlaðar eftirstöðvar skuldbindingarinnar, allt að 10.000 mkr, af handbæru fé ef borgin tryggir sér viðbótar skammtímafjármögnun að fjárhæð 3.000 mkr til að mæta skammtíma sveiflum í handbæru fé. Fjármögnunin verður í formi yfirdráttar eða lánalínu til 2 ára. Fjármálaskrifstofa metur kostnaðinn af þessu á bilinu 30 til 50 mkr í formi vaxtagreiðslna og lántökugjalda á næstu 12 mánuðum. Gera má ráð fyrir einhverri nýtingu á yfirdrætti eða lánalínu á árinu 2019. Frekari vaxtakostnaður er áætlaður á bilinu 10 til 20 mkr miðað við um helmingi lægri nýtingu á árinu 2019 sökum batnandi sjóðstöðu. Sá kostnaður er miðaður við hugmyndir af kjörum sem bæði Arion banki og Íslandsbanki sendu fjármálaskrifstofu þann 7. september sl.

Talsverður sparnaður er fólgin í því að nýta skammtímafjármögnun til að ljúka við að greiða skuldbindinguna við Brú fremur en að fjármagna með langtímalánum í formi skuldabréfaútgáfu. Ef t.d. gefin eru út 3.000 mkr í óverðtryggða skuldabréfaflokki borgarinnar, RVKN 35 1, verður vaxtakostnaður til næstu 2 ára tæpar 340 mkr. Þetta þýðir að sparnaðurinn af skammtímafjármögnuninni getur numið allt að 300 mkr á þessu tveggja ára tímabili. Útgáfa í skuldabréfaflokkinum þýðir auk þess að borgin þarf að greiða vexti af skuldinni til ársins 2035 þar sem skuldabréfaflokkurinn er ekki uppgreiðanlegur.

Hér að neðan má sjá sjóðstreymisáætlun næstu 12 mánaða þar sem gert er ráð fyrir að uppgjörið við lífeyrissjóðinn Brú fari fram um miðjan október nk. og að ekki verði ráðist í frekari lántöku til lengri tíma vegna þess.

Búið er að uppfæra sjóðstreymisáætlun m.v. fjárhagsáætlun 2018. Gert er ráð fyrir 2.000 mkr í ný langtímalán yfir tímabilið á árinu 2018 í samræmi við fjárhagsáætlun auk þess sem lántökuáætlun 2017 vegna fjárfestinga verði kláruð að fullu, þ.e. lán að fjárhæð 1.528 mkr. Þeir dagar sem borgarsjóður mun þurfa að nýta skammtímafjármögnun sem lögð er til eru rauðmerktir.

Í sjóðstreymisáætlun er ekki búið að gera ráð fyrir fjárfestingarviðauka við fjárhagsáætlun 2017 (333 mkr) sem borgarráð vísaði til borgarstjórnar þann 7. september sl. né heldur fyrirhuguðum kaupum á Aðalstræti 10 (260 mkr) og Grensársvegi 12 (785 mkr). Þar af leiðandi má gera ráð fyrir að nýting á skammtímafjármögnun verði meiri en ofangreind sjóðstreymisáætlun gerir ráð fyrir ef lánsfjáráætlun verður ekki breytt til samræmis við auknar fjárfestingar.

Líta ber á þessa áætlun sem grófa nálgun á hegðun sjóðstreymis A-hluta, enda er mikil óvissa um þróun handbærs fjár til 12 mánaða.

	2017				2018							
	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst
1	648.349.719	12.221.416.554	1.997.515.243	511.556.854	-1.180.352.923	-2.614.354.163	-2.591.231.671	-31.697.302	1.598.657.045	3.155.483.143	3.089.886.071	3.948.353.834
2	648.349.719	12.221.416.554	2.248.775.805	511.556.854	-1.242.285.800	-2.766.117.955	-2.484.182.638	-31.697.302	1.598.657.045	3.155.483.143	3.089.886.071	4.106.910.140
3	648.349.719	12.338.767.137	4.762.624.061	511.556.854	-1.112.848.600	-2.766.117.955	-2.484.182.638	173.805.685	1.836.596.357	3.155.483.143	3.431.763.594	3.954.205.573
4	953.660.302	12.128.511.561	4.762.624.061	784.493.463	-1.252.219.222	-2.766.117.955	-2.484.182.638	-55.891.058	1.825.909.663	2.905.304.191	3.231.238.674	3.954.205.573
5	344.866.823	12.368.641.460	4.762.624.061	518.169.989	-1.396.403.128	-2.737.479.973	-1.314.069.312	-18.600.129	1.825.909.663	2.760.949.375	3.150.305.115	3.954.205.573
6	602.089.537	12.524.257.994	2.079.590.003	496.931.135	-1.396.403.128	-2.863.472.991	-1.346.174.597	-59.899.686	1.825.909.663	2.738.076.150	3.062.792.114	3.954.205.573
7	183.290.012	12.524.257.994	1.817.220.594	682.538.444	-1.396.403.128	-2.816.999.403	-1.398.064.036	-59.899.686	1.651.698.436	2.778.795.422	3.062.792.114	3.686.827.909
8	208.323.825	12.524.257.994	1.825.913.955	523.921.085	-1.387.915.279	-2.552.064.179	-1.374.146.139	-59.899.686	1.525.765.756	2.639.962.937	3.062.792.114	3.604.796.984
9	208.323.825	12.345.229.868	1.838.164.731	523.921.085	-1.420.800.321	-2.546.431.112	-959.188.828	518.853.096	1.804.465.834	2.639.962.937	2.796.897.717	3.671.781.934
10	208.323.825	12.609.311.937	1.741.443.059	523.921.085	-1.690.681.155	-2.546.431.112	-959.188.828	490.468.623	1.804.465.834	2.639.962.937	3.104.817.993	3.686.131.433
11	128.687.119	12.628.472.482	1.741.443.059	-523.719.580	-1.748.393.738	-2.546.431.112	-959.188.828	457.148.381	1.625.850.813	2.117.714.538	3.133.843.296	3.686.131.433
12	290.169.939	12.656.401.859	1.741.443.059	-547.979.511	-1.754.488.898	-2.308.150.927	-1.184.214.958	457.148.381	1.625.850.813	2.164.135.627	3.007.616.336	3.686.131.433
13	287.625.223	12.303.618.925	2.022.265.307	-532.978.151	-1.754.488.898	-2.240.497.346	-653.829.285	457.148.381	1.625.850.813	2.056.177.644	2.712.242.306	3.507.765.102
14	66.329.057	12.303.618.925	2.099.034.082	-812.840.019	-1.754.488.898	-2.402.786.108	-746.056.348	457.148.381	1.617.519.911	2.056.177.644	2.712.242.306	3.507.765.102
15	347.057.868	12.303.618.925	752.184.861	-2.386.393.867	-3.465.498.190	-3.687.125.134	-2.024.398.462	457.148.381	724.077.025	282.416.040	2.712.242.306	2.172.353.644
16	347.057.868	14.881.250.579	942.401.382	-2.386.393.867	-3.651.677.695	-3.253.449.890	-1.831.569.705	-915.467.405	995.204.849	282.416.040	1.278.031.621	3.332.347.863
17	347.057.868	990.701.570	5.249.046.834	-2.386.393.867	-3.228.030.589	-3.253.449.890	-1.831.569.705	-645.507.364	5.772.419.726	282.416.040	2.537.423.277	7.331.115.589
18	574.849.793	4.876.552.479	5.249.046.834	-2.129.045.859	1.523.233.332	-3.253.449.890	-1.831.569.705	3.426.596.827	5.819.484.704	567.849.281	6.373.726.602	7.331.115.589
19	5.223.941.276	4.432.933.969	5.249.046.834	2.750.924.346	1.398.723.441	922.360.898	2.463.715.109	3.426.596.827	5.819.484.704	5.636.370.654	6.467.511.406	7.331.115.589
20	5.168.672.424	4.459.737.744	5.191.176.961	2.395.325.729	1.398.723.441	949.833.689	2.232.631.892	3.476.174.095	5.819.484.704	5.261.532.913	6.320.787.230	7.071.643.702
21	4.971.707.263	4.459.737.744	4.766.539.074	2.164.706.084	1.398.723.441	792.633.636	2.185.925.237	3.476.174.095	5.819.484.704	5.096.833.194	6.320.787.230	6.954.528.691
22	4.822.484.227	4.459.737.744	4.660.319.254	-584.918.585	741.061.466	747.355.957	2.272.081.759	3.476.174.095	5.485.817.018	4.840.427.677	6.320.787.230	6.942.023.175
23	4.822.484.227	4.403.448.811	4.406.153.608	-584.918.585	627.576.106	727.823.317	2.255.986.854	3.244.520.288	5.283.134.155	4.840.427.677	6.387.795.032	6.916.882.419
24	4.822.484.227	4.162.828.093	4.228.048.648	-584.918.585	650.194.715	727.823.317	2.255.986.854	3.244.520.288	4.993.011.417	4.840.427.677	6.140.207.451	6.503.968.303
25	5.453.821.864	4.124.889.232	4.228.048.648	-584.918.585	225.924.454	727.823.317	2.255.986.854	3.244.520.288	5.071.099.184	4.585.484.246	5.909.874.110	6.503.968.303
26	4.671.978.050	4.080.542.688	4.228.048.648	-584.918.585	105.069.985	664.390.458	2.048.296.039	3.182.362.370	5.071.099.184	4.449.200.509	5.971.972.085	6.503.968.303
27	4.530.592.504	4.763.417.517	4.351.017.297	-563.573.081	105.069.985	449.005.639	1.561.839.125	3.950.649.448	5.071.099.184	4.287.890.939	6.795.518.553	6.477.433.243
28	4.443.577.622	4.763.417.517	4.300.696.215	-561.349.547	105.069.985	262.796.568	1.483.407.939	3.950.649.448	5.252.598.684	4.969.823.542	6.795.518.553	6.439.791.968
29	14.204.343.104	4.763.417.517	4.761.776.147	-1.180.352.923	709.178.430		1.483.407.939	3.950.649.448	5.252.598.684	4.199.985.290	6.795.518.553	6.046.202.709
30	14.204.343.104	1.251.934.156	843.219.299	-1.180.352.923	-69.411.839		1.483.407.939	3.101.285.185	5.750.059.796	4.199.985.290	6.795.518.553	6.046.202.709
31		1.251.934.156		-1.180.352.923	143.289.007		945.349.084		5.086.885.037		5.719.496.424	6.088.699.227

Á tímabilinu er áætlað að borgarsjóður nýti yfirdrátt eða lánalínu í 81 dag og er gert ráð fyrir að sjóðstaðan verði orðin jákvæð eftir miðjan apríl 2018.

Borgarsjóður er nú þegar með yfirdráttarheimild hjá Landsbankanum að fjárhæð 3.000 mkr vegna lausafjárstýringar sem þýðir að borgin hefði aðgang að 6.000 mkr í skammtímafjármögnun ef 3.000 mkr yfirdráttarheimild eða lánalína verður jafnframt tekin hjá Arion banka eða Íslandsbanka. Mesta áætlaða nýting á þeirri skammtímafjármögnun yfir tímabilið nemur um 60% eða tæpar 3.700 mkr í



Því tilviki að borgarsjóður hefði greitt staðgreiðslu vegna launa en ekki fengið uppgjör á útsvari frá Fjársýslu ríkisins.

Aukinn aðgangur að skammtímafjármögnun nýtist sem mikilvæg áhættuvörn gegn óvæntum áföllum sem borgarsjóður gæti orðið fyrir og styrkir því viðnámsþrótt borgarinnar út samningstímamann eftir að skuldbindingin við Brú er uppgreidd.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

TRÚNAÐARMÁL

